



Reykjavík, 23. maí 2024

MSS24050119

TILLAGA

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Fulltrúi Flokks fólksins

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um að leggja meira fjármagn í forvarnarstarf og fræðslu gegn kynbundnu ofbeldi

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að í stað þess að setja fjármagn í minnisvarða fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis eins og tillaga Vinstri Grænna kveður á um, þá leggi Reykjavíkurborg til meira fjármagn í forvarnarstarf og fræðslu gegn kynbundnu ofbeldi. Jafnréttisskóli Reykjavíkurborgar er vanfjármagnaður en skólinn hefur staðið sig ákaflega vel í að sinna slíku forvarnarstarfi. Betra er að setja fjármuni í fræðslu og forvarnir en táknmynd ofbeldis.



Reykjavík